

Undirrituð óska eftir því við skipulags-og framkvæmdaráð að svæðið austan við gömlu sorpbrennsluna verð lýst hundasvæði.

Um er að ræða grasflöt austan og sunnan við gömlu sorpbrennsluna á höfðanum, svæðið gæti markast af veginum uppá höfðan að sunnanverðu trjálínunni að austanverðu veginum að vestanverðu og enda lóðar gömlu sorpbrennslunar að norðanverðu.

Það sem óskað er eftir er að svæðið verði lýst hundasvæði þar sem hundar mega ganga lausir undir eftirliti eigenda. Óskað er eftir því að sveitarfélagið auglýsi það sérstaklega á sinni heimasíðu og að svæðið verði merkt með skilti svo að vegfarendur geri sér grein fyrir að þarna séu lausir hundar.

Með vinsemd og virðingu

Benóný Valur Jakobsson, Andreas Blesner, Ragnheiður Baldursdóttir, Arnþór Þórsteinsson, Guðný María Waage, Linda Birgisdóttir, Gunnar Illugi Sigurðsson, Halldóra Magnúsdóttir, Svava Steingrímsdóttir, Guðrún Einarsdóttir, Andri Dan Traustason, Þorsteinn Snævar Benediktsson, Herman Örn Sigurðsson, Aðalsteinn Pálsson, Hilmar Valur Gunnarsson, Heiðar Gunnarson.